

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Helga Hrafni Gunnarssyni um breytingu á lagaákvæðum um skipta búsetu barna.

1. Er vinna hafin við breytingu á barnalögum og öðrum lögum er varða skipta búsetu barna, sbr. svar félags- og jafnréttismálaráðherra á 148. þingi (þskj. 299, 107. mál)?

Vinna við breytingar á barnalögum er hafin í ráðuneytinu. Aform um lagasetningu voru birt í samráðsgátt stjórnarráðsins í mars sl. og gefinn kostur á að senda inn umsagnir sem hægt er að lesa í samráðsgáttinni. Mögulegar breytingar á ýmsum öðrum lögum eru til skoðunar í öðrum ráðuneytum en þar ber að nefna lög er heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og velferðarráðuneytið.

2. Hvenær telur ráðherra líklegt að slíkt frumvarp verði tilbúið til framlagningar?

Fyrirhugað er að ráðherra leggi fram frumvarp til breytinga á barnalögum næstkomandi vor. Varðandi breytingar á öðrum lögum sem heyra undir önnur ráðuneyti þá bindur ráðherra vonir við að hægt verði að leggja fram breytingar á öðrum lögum samhliða breytingum á barnalögum.

3. Hafa vaknað ný álitamál sem líkleg eru til að teyja gerð frumvarpsins og ef svo er, hver eru þau?

Ýmis álitamál hafa vaknað í tengslum við gerð frumvarps til breytinga á barnalögum, sem eru þó á þessari stundu ekki talin líkleg til að teyja gerð frumvarpsins.